

Reykjavík 18. desember 2010.
Forsætisnefnd Alþingis,
Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis.
Efni: Beiðni um skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Með vísan til 2. másl. fyrri málsgr. 3. gr. laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, fer ég undirritaður alþingismaður fram á það að Ríkisendurskoðun geri skýrslu um hvernig kostnaður ráðuneyta skiptist við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni núverandi starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands á tímabilinu maí 2007 til nóvember 2010 og hvernig framangreindur kostnaður skiptist eftir einstökum sérverkefnum, þjónustu og ráðgjöf milli núverandi starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands og/eða félaga þeirra.

Að gefnu tilefni er hér um að ræða alla aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni. Hvort sem um er að ræða tímabundin störf eða verktakavinnu.

Tilefni þessarar óskar minnar eru skrifleg svör sem undirritaður fékk frá forsætisráðherra við fyrirspurn um kostnað ráðuneyta við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni þann 15. desember s.l. Ég fullyrði að svarið var rangt og tel að það sé mjög alvarlegt mál að forsætisráðherra leyni Alþingi upplýsingum um ákveðin verkefni og kostnað þeirra af opinberu fé.

Undirritaður hefur um langan tíma reynt að fá fram þessar upplýsingar sem hér er beið um, en sífellt mætt alls konar undanfærslum og töfum á því að upplýsingar þessar séu gerðar opinberar.

Undirritaður mun senda Ríkisendurskoðun upplýsingar um hvaða verkefni koma ekki fram í svörum ráðherra en ekki er útilokað og reyndar mjög líklegt í ljósi aðdragenda málsins að um fleiri mál hafi verið um að ræða en kemur fram í upptalningu undirritaðs og send hefur verið Ríkisendurskoðun.

Þess má geta að þeir einstaklingar og þau verkefni sem ekki var upplýst var um tengjast m.a. forsætisráðherra og hennar stjórnmalaflokki.

Ekki þarf að fjölyrða um hversu alvarlegt það er að ráðherra svari vísvitandi ranglega fyrirspurn frá alþingismanni. Eina úrræðið sem alþingismaður hefur er því að forsætisnefnd fái skýrslu um þetta mál á grundvelli 3. gr. laga um Ríkisendurskoðun frá árinu 1997 og fá þannig rétt og óvilhöll svör við spurningum þeim sem lagðar voru fyrir forsætisráðherra.

Sem dæmi um röng og ófullnægjandi svo má tilgreina eftirfarandi:

Ekki er upplýst hvað Stefán Ólafsson prófessor fékk fyrir að vera: „Formaður nefndar, vinna og skýrsluskrif“ hjá heilbrigðisráðuneyti árið 2009.

Ekki er upplýst hvaða aðilar unnu fyrir Háskóla Íslands við mat á áhrifum á skattbreytingum, við útreikninga á ýmsum þjóðhagsstærðum í tengslum við samning Sameinuðu þjóðanna um losun gróðuhúsalofttegunda, Aðstoð við verkefni um þekkingartorg á heilbrigðisviði.

Ekki er upplýst um kostnað við tímabundin störf Sigurbjargar Sigurgeirsdóttur hjá forsætisráðuneyti/heilbrigðisráðuneyti og utanríkisráðuneyti á árunum 2007-2008.

Ekki er upplýst um kostnað við vinnu Þórólfs Matthíassonar fyrir eftirlistnefnd um sértæka skuldaaðlögun. Dæmin gætu verið fleiri um nefndir og stjórnir sem eru ekki tilgreind í svari forsætisráðherra.

Þess er óskað að vinnu við skýrsluna verði flýtt sem verða má.

Undirritaður vill geta þessa að þingmenn Sjálfstæðisflokksins styðja þess ósk til forsætisnefndar Alþingis.

Guðlaugur Þór Þórðarson

